



LEIÐSAGNARMAT - MENTOR

LEIÐBEININGAR FYRIR NEMENDUR UNGLINGASTIGS

Leiðsagnarmat í mentor er nú notað í fjórða sinn á unglingsstigi Giljaskóla. Leiðsagnarmatið byggir á þátttöku nemenda á mati á því starfi sem unnið hefur verið það sem af er haustannar. Mjög mikilvægt er að nemendur taki virkan þátt í matinu og njóti aðstoðar foreldra eða forráðamanna.

HVAÐ ER METIÐ?

Leiðsagnarmat er ný eining í mentor sem gefur aukna möguleika á samstarfi nemenda, foreldra og skóla við markmiðssetningu og mat á stöðu og líðan nemenda. Markmiðið með þessu er m.a. markviss og gagnkvæm upplýsingagjöf. Þannig safna kennarar meiri upplýsingum um nemendur en áður og fá að auki upplýsingar frá nemendum sjálfum um hvaða augum þeir líta eigin stöðu í skólanum. Það gefur einnig tilefni til umræðna á heimilinu um gang máli í skólanum.

MATSPÆTTIR

Nemendur meta stöðu sína í kjarnagreinum út frá þáttunum; framkoma/virðing, virkni/vinnuframlag, námsstaða. Til einföldunar má miða við að nemendur svari eftirfarandi spurningum þegar þeir meta sig.

framkoma / virðing

Hvernig kem ég fram við samnemendur og starfsfólk skólans? Sýni ég jákvæðni og tillitssemi? Sýni ég öðru fólki og umhverfi mínu virðingu? Fer ég vel með mínar eigur og annarra?

virkni / vinnuframlag

Geri ég mitt besta? Hversu vel legg ég mig fram um að fylgjast með kennslu og vinna þau verkefni sem lögð eru fyrir? Vinn ég heimanám og skila verkefnum á réttum tíma?

námsstaða

Hvernig stend ég í greininni? Er ég á undan eða eftir, eða tekst mér að fylgja yfirferð kennarans og kennsluáætlun eftir?





Einnig meta nemendur aðra þætti s.s. líðan, skipulag, stundvísi og hegðun.

Opnar spurningar eru fjórar talsins og varða skólastarfið, valgreinar og markmið

MATSKERFI

Nemendur hafa fjóra valmöguleika þegar þeir meta sig í þáttum tengdum námsgreinum. *Til fyrirmyndar, Góð framvinda, Þarf að taka sig á og Þarfnast verulegra úrbóta.* Notuð eru tákni fyrir þessa möguleika. Nemendur velja þann möguleika sem þeim finnst lýsa stöðu sinni best.

Matstákn

-  Til fyrirmyndar
-  Góð framvinda
-  Þarf að taka sig á
-  Þarfnast verulegra úrbóta



UMSAGNIR OG SPURNINGAR

Nemendur hafa einnig möguleika á því að skrá umsagnir um einstakar greinar. Þeir eru eindregið hvattir til þess og skrá þar t.d. líðan í tímum, styrkleika sína í greininni og hvort námsefnið í greininni vekji hjá þeim áhuga. Umsagnarhólfíð má í raun nýta til að skrá allt það sem nemendur vilja koma til skila við kennara.

SVONA ER FARIÐ AÐ

UNDIRBÚNINGUR

Mjög mikilvægt er að undirbúa sig fyrir matið og ígrunda stöðuna í skólanum áður en hafist er handa. Gott er að skrifa hjá sér athugasemdir og skrá allt sem þið teljið máli skipta íumsögninni um greinina. Gefið ykkur svo góðan tíma til að vinna matið í mentor.

INNSKRÁNING

Leiðsagnarmatið fer fram á svæði nemenda a mentor. Til að finna aðgangsorð nemanda skrá foreldrar sig inn á mentor með kennitölu sinni og lykilorði. Því næst er smelt á flipann. *Almennar upplýsingar* á nemendasjaldinu. Hægra megin á sjaldinu sést þá lykilorð nemandans.

SKRÁNING Á LEIÐSAGNARMATSBLAÐ

Nemandinn (með aðstoð foreldra/forráðamanna) skráir sig inn í kerfið með kennitölu sinni og lykilorði.

Smelt er á leiðsagnarmat á bláa hlutanum vinstra megin á skjánum. Til að skrá á matsblaðið er smelt á merkið:

Á fyrsta hluta matsblaðsins er námsframmistaða metin. Smelt er í reitina til að kalla fram matstáknin. Umsagnir á síðan að skrá í textahólf þar fyrir afan.

Munið að smella á **Uppfæra** þegar skráningu er lokið.



Námsframmistaða	Framkomuávirðing		Virknimufframlag	Námsstaða
	Nemandi	Kennari		
Danska	Nemandi			
Enska	Nemandi			
Íþróttir	Nemandi			
Lífsleikni	Nemandi			
	Kennari			